

Alþingi
Erindi nr. P 139/87
komudagur 2.11.2010



UNIVERSITY OF ICELAND

Reykjavík 2. nóvember 2010.

Til: Allsherjarnefnd Alþingis

Re: Umsögn um frumvarp til laga
Um breytingu á almennum hegningarlögum, nr. 19/1940.
139. löggjafarþing 2010-2011.
Þskj. 49-48. mál

Vil byrja á að þakka allsherjarnefnd fyrir tækifæri að fá að gefa umsögn um frumvarpið. Er sammála flutningsmönnum að endurskoðunar sé þörf hvað varðar rannsóknaraðferðir í tengslum við brot gegn kynfrelsi. Afleiðingar nauðgunar og kynferðislegrar þvingunar eru alvarlegar og langvarandi og nauðsynlegt er að gefa þeim betri gaum. Ekki síður er umhugsunarvert hversu mörg mál falla niður í réttarvörslukerfinu og hve margir þolendur veigra sér við að leita réttar síns.

Ég álít samt að sú breyting sem flutningsmenn leggja til að hækka lágmarksrefsingu í 2ja ára fangelsi í stað 1 árs sé ekki heppileg leið til að taka á þessum vanda. Svigrúm dómara til þyngri refsinga er þegar fyrir hendi í núverandi lögum og refsingar í nauðgunarmálum hafa þyngst á síðustu árum án þess að refsiramminn hafi verið hækkaður. Hækkun lágmarksrefsingar gæti jafnvel haft þveröfug áhrif – dregið úr kærnum og ýtt undir meira brottfall mála í réttarvörslukerfinu.

Sönnunarmat og sönnunarbyrði fela í sér einna erfiðasta vandann í kynferðisbrotamálum. Nauðsynlegt er að leita nýrra leiða til að til að sýna fram á hvort refsiverð háttsemi hafi átt sér stað eða ekki án þess að draga úr almennum sjónarmiðum réttarríkisins um stöðu málsaðila. Afleiðingar meintra brota geta ekki einar og sér verið verið metnar sem fullnægjandi sannanir fyrir sakfellingu. Jafnframt er vandséð hvernig hækkun lágmarksrefsinga á að styrkja sönnunarmat í málum af þessu tagi.

A handwritten signature in black ink, appearing to read 'Helgi Gunnlaugsson'.

Helgi Gunnlaugsson
Prófessor í félagsfræði
Háskóli Íslands
101 Reykjavík
Ísland

Vs. 525-4504
Fax: 552-6806
Netfang: helgigun@hi.is